18. Verður leyft að kappróður fari fram á Reykjavíkurtjörn?

---

2 1/2 blað fol.

Blöðin segja frá því að hið háttvirta bæjarráð Reykjavíkur hafi á fundi sínum 20. þ. m. leyft sjómannadagsráðinu að láta kappróður fara fram hér á Tjörninni næstk. 6. júní.

Blöðin segja ennfremur, að leyfi þetta styðjist mjög við álit og umsögn heiðr. Náttúrufræðafélags Íslands eða stjórnar þess, er telji enga hættu á því, að fuglarnir, sem hafast þarna við, styggist neitt við það, þótt kappróður fari þarna fram einn dag, enda „hefði það t. d. sýnt sig, að vélarskröltið frá flugvélum hefði ekki nein áhrif á fuglana"

HH ~~Reglu~~ Lögreglusamþykkt Reykjavíkur, 70. gr. 2 mgr. segir — en hana hefir bæjarstjórnin sjálf samið og sett fyrir Tjörnina —:

„<u>Bátaumferð um Tjörnina er bönnuð nema í þarfir bæjarins og lögreglunnar. Enginn má raska friði fugla, sem á Tjörninni eru eða við hana né annarstaðar í lögsagnarumdæminu."</u> (Leturbr. mín)

Háttv. bæjarráð virðist því gera heldur lítið úr gildi sinna eigin lagasetninga með því að leyfa kappróður á Tjörninni, einmitt á þeim tíma ársins, sem fuglunum er brýnust þörfin á að fá að njóta þar [illegible] næðis.

Það er beinlínis ósatt, sem heiðr. stjórn Náttúrufræðafélagsins segir um vélarskröltið frá flugvélunum. Reynsla flestra annara bæjarmanna er sú, að í hvert sinn sem flugvél leggur leið sína yfir Tjörnina, þjóta allir fuglahóparnir upp — jafnvel af eggjum sínum og frá ósjálfbjarga ungum, sem eðlilegt sé, og á hann hafi verið skotið úr heiðskíru lofti.

Nú vil ég spyrja heiðr. bæjarbúa og alla þá, er þessu máli eru kunnugastir: Hvenær hafa þeir orðið þess varir að stjórn Náttúrufræðisfélagsins hafi nokkurn sinni fyrir látið sig það neinu skifta, hvernig að fuglalífinu hér í bænum hefir verið búið að undanförnu? Hefir nokkur maður orðið þess var að stjórnendur félags þessa hafi lagt fram (úr sínum eigin vasa,) eins eyris virði hvað þá meira til þess, að hæna fuglana að þessum stað, stækka Tjarnarhólmann eða að öðru leyti að búa í haginn fyrir fuglana þar? Hafa eigi aðrir, einstakir menn og félög, ótilkvaddir sjálfboðaliðar, ungir menn og gamlir unnið að því á eigin kostnað, að friða

HH. þessar stöðvar fuglanna, prýða hólmann og gleðja fuglalífið, (~~[illegible]~~ í bænum?)

Samþykkt þessi er mannúðleg í garð fuglanna og tryggileg vegna barna og unglinga bæjarins. Því undarlegra kemur það mér og sennilega mörgum öðrum fyrir sjónir, að háttvirt bæjarráð skuli hafa veitt leyfi til kappróðursins, einmitt á þeim tíma, um varpleytið, sem fuglunum er brýnust þörfin á að fá að njóta þar truflunarlauss næðis, fæðis og friðar.

HH Tröppum

Það er beinlínis ósatt, sem heiðr. stjórn Náttúrufræðafélagsins virðist hafa

HH

haldið fram, „að vélaskröltið frá flugvélunum hafi yfirleitt ekki nein áhrif á fuglana", enda mun reynsla flestra annara bæjarmanna vera sú, að sérhverju sinni, sem flugvél leggur leið sína yfir Tjörnina, flýgur allur fuglahópurinn upp, jafnvel frá eggjum sínum og ósjálfbjarga ungum, sem [illegible], eins og skotið hafi verið á hann úr haglskotabyssu.

Þótt leyfi hins háttv. bæjarráðs sé furðulegt, er þó álit og umsögn hins heiðr. Náttúrufræðafélags enn furðulegra. Eða hvenær hefir stjórn þess, eða félagið sjálft nokkurn tíma áður látið sig það neinu skifta, hvernig að fuglalífinu hér í bænum hefir verið búið? Hefir nokkur maður orðið þess var, að stjórnendur félags þessa hafi lagt fram einn eyrisvirði hvað þá meira úr sínum eigin vasa, til þess að hæna fuglana að þessum stað, með því m.a. að stækka Tjarnarhólmann, eða að öðru leyti búa í haginn fyrir fuglana þar? Hafa eigi aðrir, einstakir menn og félög, ótilkvaddir sjálfboðaliðar, ungir sem gamlir, unnið að því á eigin kostnað og án endurgjalds, að friða þessar stöðvar fuglanna, prýða hólmann og glæða fuglalífið í bænum? Áður fyrrum var það svo, að enginn einasti fugl átti hér friðland á Tjörninni eða nálægt henni - og það er ekki langt síðan Skothúsið, sem Skothúsvegur dregur nafn

sitt af – var lagður niður. Hvernig hefir þetta svo breyzt á hinum síðari árum?

Nú hafa fuglarnir hópazt þangað hundruðum saman, fjöldi smábarna hafa sézt þarna undanfarið á degi hverjum með skjóður sínar fullar af brauði, sem þau hafa gefið fuglunum úr lófum sínum. Engum ~~hefir~~ – jafnvel heldur eigi fávitabörnum – hefir komið til hugar, að hrekkja þessi saklausu dýr, styggja þau eða flæma þau á brott.

HH.

Erlendir menn, sem hér hafa verið á ferð, og séð fuglalífið í fegursta skrauti sínu, hafa látið svo um mælt, að Tjörnin, í miðbiki bæjarins, sé ein hin mesta prýði hans, íbúar hans megi vera hreyknir af því að hafa hana svona nærri sér með hinu fjölskrúðuga fuglalífi sem þar er; þeir séu beinlínis öfundsverðir af því. Menn þessir hafa einnig sagt, að margur bærinn og borgin erlendis vildi mikið til þess gefa að eiga slíkan stað, börnum sínum og unglingum til ánægju og yndisbóta.

En svo ættum við sjálfir að gjörbreyta þessu og eyðileggja það, vegna álits og umsagnar manna, sem ~~hafa~~ þrátt fyrir lærdóm sinn og þekkingu í ýmsum öðrum greinum og þeim skyldum, (en) enga reynslu eða þekkingu virðast hafa í þessu efni; og síst af öllu á uppeldismálum barna og unglinga. Það sé fjarri mér að efast um lærdóm og þekkingu þessara manna á iðngrein þeirra yfirleitt, en í þessu máli virðist mér þeim hafa skotizt yfir, að svara hinu háttvirta bæjarráði með tilliti til þess, hver áhrif fuglalífið hefir á uppeldi barna og unglinga bæjarins, eins og ég hefi bent á hér að framan.

HH.

Mér er ekki kunnugt um hversu miklir róðrargarpar sjómenn eru nú, en svo mikið þykist ég þekkja til góðra ræðara, að þeim þætti það alls eigi tiltökumál, að hefja kappróður hér á Tjörninni: Svigrúmið eða vegarlengdin landa á milli svo stutt, að bátur er naumast kominn á fullt skrið, fyr en að landi kemur sem að er róið (hér um 200 metrar), og Tjörnin svo grunn, að árarnar festast í aurbleytunni og slýinu svo, að áratogin koma ekki að hálfu gagni. Þótt um stórstraumsflóð sé að ræða, en þá fyllist Tjörnin að miklum mun, þarna verður aurbleytan og slýið til mikils trafala og tefur allri bátaumferð. Tjörnin fyllist aldrei af sjó eða vatni nema í stórleysingum og þó sem sjaldnast um þetta leyti árs, far-lagaleyfið; aftur á móti er eggvarpið þá á hástigi, endur búnar að verpa út og kríur byrjaðar að verpa eggjum sínum.

Verði leyfi hins háttv. bæjarráðs staðfest í æðri stöðum, sem mér þykir harla ólíklegt, er ég sannfærður um, að almenningur bæjarbúa kunni engum þeirra er að því styðja neinar þakkir fyrir það. Þeir kjósa að mótmæla því, a.m.k. barna sinna vegna.

Reykjavík, 5. marz 1943.

[signature]